

Mál nr. 231/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar eiganda orlofshúss.****Ágreiningur um bótaskyldu er lok á heitum potti féll ofan á höfuð konu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.7.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 20. maí 2107 var M gestkomandi í orlofshúsi í eigu SFR (A) og fór í heitan pott við húsið ásamt tveimur ungbörnum. Hafi hún tekið lok af pottinum og hallað því upp að skjólvegg fyrir ofan pottinn. Vildi þá svo til að lokið féll niður og lenti á höfði M sem hlaut snert að heilahristingi og hálstögnun.

M telur að leiðbeiningar hafi skort um það hvernig ganga skyldi frá lokinu meðan potturinn var í notkun ásamt því að engar festingar hafi verið fyrir lokið á skjólveggnum. Telur hún A bera ábyrgð á slysinu og vísar í þeim efnunum m.a. til a-liðar 1. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirk þar sem segir að það sé markmið laganna að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmynd af pottinum má ráða að um sé að ræða heitan pott af algengri stærð með skjólvegg á tvær hliðar. Milli pottsins og skjólveggsins virðist vera um 30 cm bil en á hvorri hlið skjólveggsins eru tvö útljós sem skaga lítið eitt úr frá skjólveggnum. Af ljósmynd af lokinu, sem var yfir pottinum, má sjá að það er lagt saman um miðju. Ekki liggja fyrir upplýsingar um þyngd loksins eða úr hvers konar efni það er gert. Engu að síður verður að telja ljóst af aðstæðum, svo sem útljósunum á skjólveggnum, að ekki hafi verið ætlast til að lokið sé lagt upp að skjólveggnum heldur að það sé lagt niður á pallinn í námunda við pottinn, en ekki verður ráðið að þyngd loksins geri það örðugt að taka lokið af pottinum og leggja það til hliðar. Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að frágangur loksins hafi verið ófullnægjandi eða að slysið verði rakið til skorts á leiðbeiningum um það hvernig lokið skuli tekið af pottinum eða hvernig skuli gengið frá því meðan potturinn er í notkun. Að þessu virtu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.